

**Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2015
á Akureyri.**

Magnús Gunnarsson, formaður.

Umhverfissráðherra, frú Sigrún Magnúsdóttir, heiðursfélagar
Skógræktarfélags Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, Jón Loftsson,
skógræktarstjóri, Eiríkur B. Björgvinsson bæjarstjóri, fulltrúar
skógræktarfélaganna og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa
80. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem nú er haldinn hér á Akureyri.
Gestgjafar þessa aðalfundar eru Skógræktarfélag Eyfirðinga og færi ég
þeim bestu þakkir fyrir góða aðstoð við undirbúning hans.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

**Frá síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Akranesi fyrir
ári síðan hafa nokkrir félagar og velunnarar
skógræktarhreyfingarinnar horfið á braut og er þeirra minnst
með virðingu og þökk.**

**Sigurður Blöndal fæddist 3. nóvember 1924 á Mjóanesi í
Vallahreppi og lést á Egilsstöðum 26. ágúst 2014.** Sigurður lauk
stúdentsprófi frá MA 1945 og cand.phil.prófi frá HÍ 1946. Hann útskrifaðist
sem skógtæknifræðingur frá Statens Skogskole í Steinkjer í Noregi 1948 og
var skógfræðikandidat frá Norges Landbrukshogskole 1952. Sigurður vann
sem sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins frá 1952-1955 og var skógarvörður á
Austurlandi 1955-1977. Hann var skógræktarstjóri 1977-1989. Sigurður vann
einnig við kennslu, meðal annars við Háskóla Íslands, Bændaskólann á
Hvanneyri, Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi og Menntaskólann á
Egilsstöðum.

Sigurður var ötull talsmaður skógræktar á Íslandi og studdi við
skógræktarfélagin með ráð og dáð. Sigurður var einn af hvatamönnum
Landgræðsluskógarverkefnisins sem hófst árið 1990 og var í stjórn
verkefnisins þann tíma sem hann gegndi skógræktarstjóra embætti. Hann
heimsótti gjarnan héraðsskógræktarfélög og hélt þá fyrirlestra og miðlaði
þá af þekkingu sinni. Slíkar ferðir urðu honum jafnframt tilefni til skrifa í
Skógræktarritinu síðar þar sem hann tók markvísst ljósmyndir af skógum
og trjálundum víða um land. Hann var reglulegur gestur á aðalfundum
Skógræktarfélags Íslands í áratugi og skrifaði fjölda greina í
Skógræktarritið, auk þess að vera ritstjóri þess um tíma. Þá var Sigurður
talsmaður þess að Yrkjusjóðurinn, sem stofnaður var árið 1992 að atbeina
Vigdísar Finnbogadóttur, yrði í vörslu Skógræktarfélags Íslands.

Hann var, ásamt Guðrúnu Sigurðardóttur eiginkonu sinni, gerður að
heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands árið 1989.

Indriði Indriðason fæddist á Grenjaðarstað í Aðaldal 16. apríl 1932 og lést í Reykjavík 7. febrúar 2015. Indriði réðst árið 1949 til starfa hjá Skógrækt ríkisins og stundaði verklegt skógræktarnám á Vöglum í Fnjóskadal, sem var hluti af námi í skóla Skógræktar ríkisins, frá 1951 til 1953. Árið 1953 fór Indriði í námsferð til Alaska, vann á rannsóknastöð í fimm mánuði og safnaði fræi fyrir Ísland í tvo mánuði um haustið. Að lokinni þessari skólagöngu var Indriði fastráðinn verkstjóri í gróðrarstöðinni á Tumastöðum og varð forstöðumaður hennar og skógarvörður 1962. Gegndi hann því starfi til ársins 1999, alls í 37 ár.

Segja má að gróðrarstöðvarekstur hafi verið aðalstarf Indriða þau rúmu 50 ár sem hann starfaði hjá Skógrækt ríkisins. Hann átti stóran þátt í að þróa og móta þær framleiðsluaðferðir sem notaðar voru á þessu tímabili frá dreifsetningu til móbands og að lokum fjölpottaræktun í gróðurhúsum og er fjöldi garða og sumarhúsalóða þrýddur trjám og runnum frá Tumastöðum.

Skúli Alexandersson fæddist í Reykjafirði á Ströndum 9. september 1926 og lést í Reykjavík þann 23. maí 2015. Skúli fór í Samvinnuskólann Reykjavík og réði sig að námi loknu til starfa hjá Kaupfélagi Skagfirðinga þar sem hann var verslunarmaður árin 1951-1952. Þá flutti hann vestur á Hellissand þar sem hans starfsvettvangur og búseta var eftir það, auk þess sem hann var Alþingismaður Vesturlands 1979-1991. Skúli starfaði hjá Kaupfélagi Hellissands 1952-1955 og tók síðan þátt í því að kaupa 50 tonna mótorbát og starfaði að útgerð hans í nokkur ár. Árið 1961 tók hann við starfi framkvæmdastjóra Útgerðarfélagsins Jökuls og veitti því félagi forstöðu í þrjá áratugi og var forstöðumaður Gistihússins Gimli á Hellissandi frá 1991.

Skúli fylgdist ætíð grannt með þróun sinnar heimabyggðar og var mikil driffjöldur í ýmissi uppbyggingu á Hellissandi, meðal annars í ferðaþjónustu, í uppbyggingu sjóminjasafns þar og að sjálfsögðu í skógrækt. Hann var einn af stofnendum Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli árið 1990 og formaður þess frá upphafi til ársins 2012.

Ísleifur Sumarliðason fæddist á Akranesi 12. nóvember 1926 og lést í Reykjavík þann 29. júní 2015, 88 ára að aldri. Hann ólst upp á Akranesi og í Reykjavík. Faðir hans, Sumarliði Halldórsson, starfaði sem fyrsti skógarvörðurinn á Vesturlandi. Ísleifur hóf snemma að vinna við skógrækt og fór svo að hann hélt til Danmerkur í nám í skógtæknifræðum. Árið 1949 var Ísleifur ráðinn skógarvörður á Norðurlandi með aðsetur á Vöglum í Fnjóskadal og gegndi hann því embætti til ársins 1987, eða alls í 38 ár. Á þeim tíma beitti hann sér fyrir uppbyggingu ræktunarstöðvar þar og umfangsmiklum tilraunum með tegundir og kvæmi trjáa. Eftir að Ísleifur lét af störfum á Vöglum flutti hann og Sigurlaug Jónsdóttir kona hans til Mosfellsbæjar og settu upp gróðrarstöð fyrir garðplöntur, sem þau ráku í tvo áratugi. Einnig vann hann um sex mánaða skeið hjá Skógræktarfélagi Íslands árið 1988 og var nýjum framkvæmdastjóra til halds og traust fyrstu mánuðina. Sonur hans Rúnar tók við embætti sem skógarvörður á Vöglum vorið 2014.

Ísleifur fékk gróðuráhugann í arf og leiðin að hjarta og huga hans var alla tíð greiðust með því að ræða um gróður og ræktun.

Við skulum nú minnast Sigurðar, Indriða, Skúla, Ísleifs og annarra félaga okkar og velunnara sem fallið hafa frá, frá síðasta aðalfundi, með því að rísa úr sætum.

Kæru fundargestir.

Það er ávallt ánægjulegt að koma til Akureyrar. Og næstu daga munum við njóta norðlenskrar gestrisni, fræðast um skóga og skóglendi og fagna því um leið að halda hér 80. Aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Skógræktarfélag Eyfirðinga hefur haft veg og vanda að undirbúningi þessa aðalfundar og ekki er úr vegi að nefna það hér að á stofndegri þess ágæta félags, þann 11. maí árið 1930, var stofnheiti félagsins Skógræktarfélag Íslands. Já, Akureyringar hafa ætíð verið stórhuga og þó svo að félagið hafi ekki borið Íslandsheitið nema um stund hefur stórhugur og drifkraftur liðinna áratuga einkennt starf félagsins. Um leið og ég færi félögum í Skógræktarfélagi Eyfirðinga þakkir fyrir undirbúning aðalfundar vil ég, fyrir hönd stjórnar Skógræktarfélags Íslands, einnig óska félagsmönnum til hamingju með 85 ára afmæli félagsins.

Og hvornig skyldi nú Skógræktarfélagi Íslands og aðildarfélögum þess hafa farnast þegar lítið er yfir 85 ára sögu félagsins? Að sönnu er hægt að gleðjast yfir þeim árangri sem náðst hefur. Í upphafi vega var það ungmennafélagsandinn sem sveif yfir vötnum og eflði menn til dáða að yrkja landið og fylla mönnum bjartsýni á framtíð lands og þjóðar. Áhugasamir einstaklingar og félagasamtök tóku höndum saman og melar, móar, og rofið land, bar smátt og smátt fagra skógarlundi, gróna mela og gróin holt. Öflugt starf skógræktarfélaganna, gróðursetning, fræsöfnun, útplöntun, grisjun og síðast en ekki síst fræðslu- og útbreiðslustarf í áratugi, hefur aukið almennan áhuga á skógrækt meðal landsmanna. Því ber að fagna.

Við getum líka fagnað þeim árangri sem náðst hefur með starfi landshlutaverkefna í skógrækt, þar sem skógarbændum hefur fjölgað verulega. Þá ber einnig að horfa til margvíslegar verkefna sem Skógrækt ríkisins hefur nú með höndum til að efla og styrkja innviði og uppbyggingu í þeirri viðleitni að hér verði lagður góður grunnur að nytjaskógrækt. Það er mikilvægt að skógargeirinn allur vinni saman sem ein heild með það að markmiði að efla skógrækt sem öfluga atvinnugrein, samhliða því að landsmenn skynji þann mikla ávinning sem fellst í lýðheilsuvörnum yndisskóga, sem seint verður verðmetinn til þess virðis sem þeir svo sannarlega standa fyrir.

Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að framlag til skógræktarmála frá hinu opinbera hefur verið skammarlega lítið þegar lítið er til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar hafa verið á undanförunum árum. Svo staldrað sé við framlög til Skógræktarfélags Íslands þá hafa þau verið smánarlega lág. Þó liggur fyrir sú staðreynd að Skógræktarfélag Íslands hefur margvísleg verkefni á sinni könnu og hefur þjónustuskyldum að gegna við yfir 60 skógræktarfélög, stendur fyrir opnun nýrra skóga, umsjón með

landgræðsluskógaverkefnum, öflugri útgáfustarfsemi og margvíslegum verkefnum öðrum sem til framfara má telja fyrir skógrækt í landinu, til landbóta og lýðheilsu.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess að hafa í gegnum tíðina sterka bakhjarla sem stutt hafa félagið með myndarlegum hætti. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og fyrir hann erum við óendanlega þakklát. Stuðningur styrktar- og samstarfsaðila er hins vegar ekki í hendi og stuðningur við félagið getur því sveiflast umtalsvert frá ári til árs.

Stuðningur hins opinbera er því nauðsynlegur og ég tel að Skógræktarfélag Íslands og ríkisvaldið hafi mikla hagsmuni af því að ganga frá samstarfssamningi til að tryggja áfram öflugt og leiðandi starf Skógræktarfélags Íslands, nú þegar skógrækt er komin af klakstigi og framundan eru áhugaverðir tímar í nýtingu skóga og skógarafurða.

Þá tel ég að Skógræktarfélag Íslands, sem hefur verið hinn leiðandi samnefnari skógræktarfélaganna, þurfi að fara í endurskoðun á mörgum þáttum í starfsemi félagsins og jafnvel skilgreina með öðrum hætti en nú er gert, þau verkefni sem félagið kemur til með að vinna að á næstu misserum og árum. Kemur þá að mínu mati til álita að Skógræktarfélag Ísland sinni með beinum hætti fleiri verkefnum og veiti meiri þjónustu við skógargeirann en nú er. Það verður því verðugt verkefni sem býður nýrrar stjórnar Skógræktarfélags Íslands að vinna að nýrri stefnumótun og framtíðarsýn fyrir félagið.

Þegar litið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glöggst sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

Landgræðsluskógaverkefni

25 ár eru nú liðin síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Ber að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt, en á þessum tíma hafa skógræktarfélögin plantað út að meðaltali um 700 til 800 þúsundum skógarplantna ár hvert. Núgildandi samningur um Landgræðsluskóga er til 5 ára, en samningurinn tók gildi á haustmánuðum árið 2013. Árlegt framlag skv. samningi er 35 milljónir króna.

Opinn skógur

Í dag munum við fara fylktu liði til Siglufjarðar þar sem skógurinn í Skarðdal verður opnaður með viðhöfn undir merkjum Opins skógar, en skógurinn í Skarðdal verður þá sá 15. í röð Opinna skóga.

Undanfarin 5 ár hefur Skógræktarfélag Siglufjarðar, með stuðningi frá Skógræktarfélagi Íslands, unnið að undirbúningi opnunar skógarins auk fjölda sjálfboðaliða, m.a. frá samtökunum SEEDS og European Voluntary Service.

Þá hefur verið unnið að endurnýjun skilta og viðhaldi í öllum skógunum. Verkefnið Opinn skógur var samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og fyrirtækjanna Arion banka og Skeljungs hf. síðustu ár, en fjölmörg öflug fyrirtæki hafa komið að stuðningi við verkefnið. Nú er leitað nýrra stuðningsaðila að verkefninu.

Yrkjusjóður

Í ár eru liðin 25 ár frá stofnun Yrkjusjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson.

Vigdísargróðursetning

Frú Vigdís Finnbogadóttir hefur svo sannarlega lagt sitt af mörkum til að vekja áhuga ungra sem aldinna á skógrækt og nú þegar liðin eru 35 ár frá því að frú Vigdís var kosin, fyrst kvenna til að verða þjóðkjörin forseti, ákváðu á fjórða tug félagasamtaka og stofnana að efna til hátíðardagskrár í júní sl. Þótti upplagt að marka þessi tímamót með gróðursetningu birkitrjáa og stóðu skógræktarfélagin og sveitarfélög um land allt að því með stuðningi Skógræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Yrkjusjóðs og Landgræðslusjóðs. Voru þrjú birkitré, af yrkinu Embla, gróðursett á hverjum stað, eitt fyrir drengi, eitt fyrir stúlkur og eitt fyrir komandi kynslóðir, eins og Vigdís gerði iðulega í forsetatíð sinni.

Reyndar varð það svo að víða voru fleiri en þau þrjú táknrænu tré gróðursett. Vil ég nota hér tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem komu að Vigdísargróðursetningu þennan ágæta dag í júnímánuði, Vigdís til heiðurs. Talandi hér um aðkomu frú Vigdísar að eflingu íslenskrar skógræktar þá má til gamans vitna til opinberrar heimsóknar hennar til Finnlands árið 1984 þar sem hún var spurð hvort hana langaði ekki til að hafa heim með sér eitthvað frá Finnlandi og hefði hún þá svarað, „svo sem eins og 100 tré”, því að Ísland væri fátækt af skógi. Og hundrað hengibirkiplöntur komu sem gjöf frá Koivisto Finnlandsforseta árið eftir og voru gróðursettar að Fossá á 30 ára afmæli Kópavogskaupstaðar og þess einnig minnst að 70 ár voru þá liðin frá því að íslenskar konur fengu kosningarétt. Vigdís hefur greinilega heillað Mauno Henrik Koivisto upp úr skónum, því árið 1990 afhenti frú Vigdís Skógrækt ríkisins 5 kg af lerkifræjum sem gjöf frá Koivisto forseta Finnlands.

Bestu þakkir Vigdís fyrir þitt ómetanlega framlag til skógræktar á Íslandi.

Kolviður

9 ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu sjóðinn Kolvið í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim 9 árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist. Nú má merkja aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og aukast viðskipin hægt og bitandi. Aðkoma að fyrsta Kolviðarskóginum sem er á Geitasandi á Rangárvöllum var bætt og sett upp upplýsingaskilti og fánastangir. Nú má heita full gróðursett í landið og unnið er að samningi um fjármögnun Kolviðar á skógrækt í landi Skógræktarfélags Íslands og skátahreifyfingarinnar á Úlfjótuvatni. Formaður sjóðsins er Reynir Kristinsson.

Tré ársins 2014

Tré ársins 2014 var formlega útnefnt við hátíðlega athöfn þann 14. september á liðnu ári og að þessu sinni var um evrópulerki að ræða, við Arnarholt í Stafholtstungum og var fulltrúum eigenda Arnarholts afhent viðurkenningarskjál af þessu tilefni. Fjölmenni mætti við athöfnina sem tókst í alla staði vel.

Úlfjótuvatn

Skógræktarfélag Íslands er eigandi að jörðinni Úlfjótuvatni að hálfu á móti Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur, eins og áður hefur komið fram í umfjöllun um jörðina Úlfjótuvatn. Á liðnu ári hefur verið unnið að samkomulagi milli Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og núverandi eigenda jarðarinnar um hvernig framtíðarskipan mála verði háttað, en STFR var með afnotarétt á liðlega 40 ha lands fyrir frístundabyggð. Samkomulag náðist milli aðila og í stað afnotaréttar STFR að 40 ha. lands, fær STFR landið til eignar, en Skógræktarfélag Íslands og skátar fá hins vegar 60 ha. lands frá Orkuveitu Reykjavíkur, svokallaða Dráttarhlíð. Unnið er að endanlegum frágangi og þess ekki langt að bíða að hægt sé að fara í heildarskipulag á svæðinu og frekari greiningu á séreignarhlutum SÍ og skáta.

Á liðnu ári var gengið fram samningi milli Skógræktarfélag Íslands og Kapólsku kirkjunnar um afnot Kapólsku kirkjunnar af íbúðarhúsi og kirkju á Úlfjótuvatni og var sá samningur til eins ár. Nú er stefnt að því að gera langtímasamning um afnot Kapólsku kirkjunnar að íbúðarhúsi, útihúsum og kirkju, en þá er búist við að starfsemi á vegum kirkjunnar verði komin í fastar skorður, m.a. með búsetu munka á Úlfjótuvatni, en í byrjun ársins kom til landsins sendinefnd frá franska munkaklaustrinu Saint-Wandrille. Er þess að vænta að niðurstaða varðandi aðkomu Kapólsku kirkjunnar að Úlfjótuvatni liggi fyrir innan tíðar.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarfélaga þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Olís og Skeljung. Öllum þessum ágætu aðilum eru hér færðar alúðarþakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar m.a. nefna öfluga útgáfu Skógræktarritsins, Laufblaðsins og heimasíðu félagsins, auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur frá síðasta aðalfundi farið í heimsóknir til skógræktarféлага víða um land. Slíkar heimsóknir eru afar gefandi og gefur okkur sem sitjum í stjórn Skógræktarfélags Íslands tækifæri á að fræðast um stöðu skógræktar á viðkomandi svæði og kynnast fólki sem með áhuga og eldmóði vinnur að eflingu skógræktar. Fulltrúar skógræktarfélaganna eru einnig oftast en ekki í hlutverki erindrekans, þar sem fræðsla og áhugi þeirra virkar sem vítamínssprauta inn í viðkomandi samfélag og kveikir þannig elda, að æ fleiri fá áhuga á að rækta skóg.

Umræða um skógrækt, plöntuval, land til skógræktar, hvar eigi að planta skógi og að ég tali nú ekki um þá fjöruugu umræðu um eina helstu og öflugustu nytjaplöntu, lúpínuna, fer víða fram og á stundum verður stílvopnið ansi beitt, til að koma sem best sínum skoðunum á framfæri. Öll málefnaleg umræða er góð og nauðsynleg. Skógræktarfélag Íslands hefur sett sér að vinna eftir þeirri meginreglu að standa að skógrækt í sátt við umhverfið því sannarlega veldur skógrækt breytingum. Það er því mikilvægt að skógrækt falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- eða menningarminjum.

Kæru vinir, það verður ánægjulegt að fá tækifæri til að skoða skógarreiti á félagssvæðum Skógræktarfélags Eyfirðinga, gestgjafa þessa aðalfundar, sem og að heimsækja vini okkar á Siglufirði og gleðjast yfir Opnun skógarins í Skarðdal.

Góðir aðalfundarfulltrúar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér á Akureyri megi verða okkur skógræktarfólki ánægjulegur.

Ég segi 80. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.